



MENNTASKÓLINN
VIÐ SUND

2025



Ársskýrsla 2025

Helga Sigríður Þórsdóttir
rektor

msund@msund.is
www.msund.is

Efnisyfirlit



MENNTASKÓLINN
VIÐ SUND

Inngangur	Bls. 1
Ágrip	Bls. 2
Stefnumiðuð áætlun	Bls. 3
Nemendatölur	Bls. 6
Starfsfólk MS	Bls. 7
Fjármál og rekstur	Bls. 8
Stjórnun	Bls. 9
Fjör á starfsbraut	Bls. 11
Útskrift og afmælisstúdentar	Bls. 12
Umhverfismál í fyrirrúmi	Bls. 13
Kíkt í kennslustund	Bls. 14
STEM fyrir framtíðina	Bls. 15
Félagslíf nemenda	Bls. 17
Starfspróun í MS	Bls. 23
Erlent samstarf	Bls. 27
Húsnæðismál	Bls. 28



MENNTASKÓLINN
VIÐ SUND

Inngangur

Menntaskólinn við Sund var stofnsettur árið 1969, þá sem Menntaskólinn við Tjörnina. Á árunum 1974 - 1976 fluttist skólinn í núverandi húsnæði sitt við Gnoðarvog. Hann var þó kenndur við Tjörnina allt til ársins 1977 en þá gaf Vilhjálmur Hjálmarsson, þáverandi menntamálaráðherra, honum heitið Menntaskólinn við Sund.



Menntaskólinn við Sund er bóknámsskóli. Boðið er uppá á þriggja ára nám til stúdentsprófs og nám á starfsbraut. Skólaárinu er skipt upp í þrjár jafnlangar annir.

Meðal nemendafjöldi ársins er 665 á önn og virkt starfsfólk um 66.

Boðið er upp á nám á tveimur stúdentsbrautum og starfsbraut. Stúdentsbrautirnar eru náttúrufræðibraut sem skiptist í líffræði- og efnafræðilínu og eðlisfræði- og stærðfræðilínu og félagsfræðabraut sem skiptist í hagfræði- og stærðfræðilínu og félagsfræði- og sögulínu. Starfsbraut var stofnuð við skólann haustið 2022.

VIRÐING - JAFNRÉTTI - ÁBYRGÐ - HEIÐARLEIKI

Ágrip

Hápunktar ársins 2025 voru þó nokkrir. Þar ber fyrst að nefna sigur MS í fyrirtækjasmiðju, úrslit í MORFÍS, uppsetning á söngleiknum Aladdín, útskrift stúdenta í Háskólabíói og stóru stundina þegar gámahús fóru að birtast á lóð skólans. Það vekur bjartsýni að vinna með ungu fólki og kennurum þeirra að betri framtíð á sama tíma og það dregur úr þrótti stjórnenda að þurfa sífellt að reka áfram húsnæðismál, sjá miklum fjárhæðum eytt í fundi og skýrslur og á sama tíma að horfa upp á húsnæði í eigu ríkisins grotna niður og liggja undir skemmdum.

Nám og kennsla ganga vel. MS tekur þátt í ýmsum lýðheilsuverkefnum, vinnur að því að verða UNESCO skóli, tekur þátt í samstarfsverkefnum með öðrum skólum bæði á vettvangi nemenda og starfsfólks. Starfið á starfsbraut skólans er öflugt og stefnt er að fyrstu útskrift af starfsbraut vorið 2026. Rekstur skólans er í jafnvægi og framlög sem eru skorin við nögl nýtt vel.



Þetta helst:

13

Umhverfismál í fyrirrúmi

15

STEM fyrir framtíðina

17

Félagslíf nemenda

23

Starfsþróun

Stefnumiðuð áætlun

Skólinn er áfangaskóli með þriggja anna kerfi sem býður upp á nám á þremur námsbrautum: Félagsfræðabraut, Náttúrufræðibraut og starfsbraut. Allt nám fer fram í staðnámi. Meginmarkmið Menntaskólans við Sund er að veita nemendum menntun til stúdentsprófs, að stuðla að alhliða þroska nemenda og virkri þátttöku þeirra í lýðræðisþjóðfélagi með því að bjóða hverjum nemanda upp á nám við hæfi. Skólanum er einnig ætlað að búa nemendur undir þátttöku í atvinnulífni og undir frekara nám á háskólastigi.

Skólinn leggur áherslu á að hrinda í framkvæmd áherslum mennta- og barnamálaráðuneytis á hverjum tíma með því að bjóða upp á skólanámskrá sem er endurskoðuð árlega, s.s. skólareglur, verklagsreglur og stefnur. Stefna skólans kallar á námsvenjur þar sem ábyrgð nemenda á eigin námi, mæting, virkni og þátttaka gegna lykilhlutverki. Í skólanum er öflug starfsþróun með áherslu á starfendarannsóknir, leiðsagnarnám, gervigreind sem og að miðla þekkingu og reynslu. Lögð er áhersla á nám þar sem einstaklingar fá að njóta sín í verkefnabundnu og samvinnutengdu námi og að starfsfólki líði vel á vinnustaðnum.



MARKMIÐ KJARNASTARFSEMI

- Auka gæði menntunar
- Efla námsáhuga og seiglu nemenda
- Bæta líðan nemenda og skólabrag

MARKMIÐ REKSTRARÞÁTTA

- Vellíðan á vinnustað
- Góð þjónusta
- Öflugur mannauður
- Sjálfbær rekstur

GÖGN TIL GRUNDVALLAR

- Kennslukönnun
- Skólapúlsinn
- Skýrslur verkefnisstjóra
- Stofnun ársins
- Gögn frá skólanum
- Þjónustukönnun ríkisins

Kjarnastarfsemi

Markmið 1 er að auka gæði menntunar með innleiðingu lykilmatsþátta, endurskoðun námsframboðs, bættri námsaðstöðu nemenda ásamt virkri starfsþróun kennara, framboði á starfsþróunarhópum fyrir kennara og möguleika á starfsþróunarþrepi fyrir eigið þróunarstarf.

Markmið 2 er að efla námsáhuga og seiglu nemenda með auknu samtali við nemendur um námsframboð og kennsluhætti, aukinni þjónustu við nemendur með erlendan tungumála- og menningarbakgrunn, námsveri í stærðfræði og íslensku, samhæfðri umsjón með nemendum og menningarverkefnum.

Markmið 3 er að bæta líðan nemenda og skólabrag með átaki gegn áhættuhegðun, þátttöku í íþróttaviku Evrópu, forvarnardegi og heilsuefandi framhaldsskóla ásamt því að þjálfa nemendur og kennara í að nota orðaforða tengdan jákvæðum samskiptum.

Rekstrarþættir

Markmið 1 er að auka vellíðan á vinnustað meðal annars með því að útbúa verklag um miðlun og skjölun upplýsinga til starfsfólks. Þjófða uppá fleiri tækifæri til jákvæðrar samveru meðal starfsfólks og vinna markvisst eftir samskiptasáttmála skólans auk þess að vinna að því að allir kennarar og starfsfólk skólans fari að stefnu skólans með öflugri starfsþróun.

Markmið 2 er góð þjónusta sem eykst með því að útbúa verklag um vandaða og skilvirka þjónustu og gott viðmót. Þátttaka í stafrænum skrefum í ríkisrekstri.

Markmið 3 er öflugur mannaður með frekari innleiðingu samskiptasáttmála og bættri vinnuaðstöðu, öflug vinna með gervigreind, jafnréttisáætlun og jafnlaunakerfi.

Markmið 4 er sjálfbær rekstur í samræmi við fjármálaáætlun.



Niðurstaða

Skólinn stefnir eftir sem áður að því að a.m.k 80% nemenda séu ánægð með nám og kennslu í skólanum. Áfram verður stefnt að góðri þjónustu við nemendur, reynt að efla námsáhuga þeirra og vinnulag með átakstverkefnum í skólanum og samhentum verklagi kennara og stjórnenda. Ánægjulegt er að sjá að upplifun nemenda á einelti hefur minnkað. Í dag er meiri ástæða en nokkru sinni til þess að leggja áherslu á heilbrigðan lífsstíl, forvarnir og góð samskipti.

	2023				2024				2025		
	Staða	Próun	Rauntölur	Viðmið	Staða	Próun	Rauntölur	Viðmið	Staða	Próun	Rauntölur
02305 - Menntaskólinn við Sund		
02305_A - MARKMIÐ: Kjarnastarfsemi		
02305_A1 - MARKMIÐ: Auka gæði menntunar		
02305_AM1.1 - Ánægja með nám og kennslu	■	↓	69.00	80.00	●	↑	80.00	80.00	◆	↓	75.00
02305_AM1.2 - Ánægja nemenda með aðstöðu í skólanum	◆	↓	74.00	80.00	●	↑	84.00	80.00	●	↓	80.00
02305_AM1.3 - Virk starfsþróun kennara	◆	↑	5.00	6.00	●	↑	6.00	6.00	●	■	6.00
02305_A2 - MARKMIÐ: Efla námsáhuga og seiglu nemenda		
02305_AM2.1 - Námsáhugi	●	↑	5.10	5.00	◆	↓	5.30	5.40	◆	↓	5.30
02305_AM2.2 - Þjónusta við nemendur	■	↓	5.10	5.50	◆	↑	5.30	5.50	■	↓	5.30
02305_AM2.3 - Vinnulag í námi	◆	↑	4.90	5.00	◆	↓	4.90	5.10	◆	↑	5.10
02305_A3 - MARKMIÐ: Bæta líðan nemenda og skólabrag		
02305_AM3.1 - Forvarnir	■	↓	39.80	29.00	◆	↑	32.70	30.00	■	↓	37.40
02305_AM3.2 - Heilbrigður lífsstíll	...				●		10.00	10.00	●	↑	40.00
02305_AM3.3 - Einelti	◆	↓	16.70	16.00	◆	↓	16.40	15.50	●	↑	9.50
02305_B - MARKMIÐ: Almennur rekstur		
02305_B1 - MARKMIÐ: Auka velliðan á vinnustað		
02305_BM1.1 - Upplýsingaflæði	...		4.35		◆		4.38	4.40	...		
02305_BM1.2 - Starfsandi	...		4.04		●		4.25	4.10	...		
02305_BM1.3 - Ánægja og stolt	...		4.50		◆		4.48	4.50	...		
02305_B2 - MARKMIÐ:		
02305_BM2.1 -		
02305_BM2.2 -		
02305_B3 - MARKMIÐ:		
02305_C - MARKMIÐ: Samræmd		
02305_C1 - MARKMIÐ: Góð þjónusta		
02305_CM1.1 - Ánægja viðskiptavina	●	↑	4.27	4.00	■	↓	3.61	4.00	...		
02305_CM1.2 - Stafræn skref				●		1.00
02305_C2 - MARKMIÐ: Öflugur mannauður		
02305_CM2.1 - Starfsánægja	●	↑	4.22	4.00	■	↓	4.15	4.25	...		
02305_CM2.2 - Stafræn færni		
02305_CM2.3 - Jafnrétti	◆	↑	4.43	4.50	■	↓	4.35	4.50	...		
02305_C3 - MARKMIÐ: Sjálfbær rekstur		

Nemendatölur


Meðal nemendafjöldi yfir skólaárið 668. Nemendur á stúdentsbraut þreyttu að meðaltali 63,1 einingar á árinu og ársnemendur á stúdentsbrautum því 713. Meðalaldur nemenda var 17,3 ár þann 1. mars 2025.

Námslína	Vorönn 2025	Haustönn 2025	Vetrarönn 2025
Eðlisfræði og stærðfræði námslína	59	75	75
Félagsfræði og sögu námslína	132	156	152
Hagfræði og stærðfræði námslína	286	290	286
Líffræði og efnafræði námslína	148	142	139
Starfsbraut	17	23	23
Nemendur alls	642	686	675

Kynjahlutfall nemenda í skólanum:

KK: 42%
KVK: 58%

Brautskráðir á árinu 214




Heildarfjöldi stöðugilda árið 2025 var 65,3. Haustið 2025 voru virkir starfsmenn skólans 65 í 61,5 stöðugildi. 70% starfsfólks voru konur og 30% karlar.

Kennslusvið haustið 2025

51 starfa á kennslusviði í 45,5 stöðugildum þar af eru 75% konur og 25% karlar. Átta kennarar sinntu einnig fagstjórn samhliða kennslu (5 konur og 3 karlar). Allir kennarar eru með gild kennsluréttindi nema tveir. Meðalaldur kennara var 51,4 ár og aldursdreifingin eftirfarandi:

- 30 – 40 ára – 6 kennarar
- 41 – 50 ára – 17 kennarar
- 51 – 60 ára – 18 kennarar
- 61 – 70 ára – 10 kennarar



Þjónustusvið haustið 2025

Stjórnendur voru fjórir: rektor (kvk 53 ára), konrektor (kk 50 ára), kennslustjóri (kvk 39 ára) og námsbrauta- og námskrárstjóri (kk 61 árs).

Annað starfsfólk á þjónustusviði voru alls 15: Skrifstofustjóri (kvk 61 árs), fjármálastjóri (kvk 63 ára), tveir náms- og starfsráðgjafar (kvk, 47 ára og 38 ára), einn brautarstjóri starfsbrautar (30%) sem jafnframt kennir (70%) (kvk 60 ára), sérkennari í 20% stjórnun (kvk 47 ára), þrjár stuðningsfulltrúar, tveir kvk í 66% starfshlutfalli (annar 22 ára BA í sálfræði og hinn 31 árs kennari), einn stuðningsfulltrúi í 55% (kk, 24 ára íþróttfræðingur), tólmstundafræðingur (kvk, 30 ára) sem er 50% félagsmálastjóri og 50% í þjónustu í upplýsingatækniveri, tölvuumsjónarmenn (kk, annar 34 ár og hinn 53 ára í leyfi), umsjónarmaður fasteigna (kk, 65 ára), tveir þjónustufulltrúar (kvk 62 ára og kk 21 árs) annar á skrifstofu og hinn í baðvörslu í íþróttahúsi.


Skólaárið 2022 voru gerðar umtalsverðar skipulagsbreytingar til þess að vinna á móti áralöngum hallarekstri. Breytingarnar báru árangur árið 2023, viðsnúningur hefur orðið í rekstrinum og halli fyrri ára verið greiddur að fullu.

Rekstur skólans gengur vel

Rekstur skólans er í járnum en gengur þó vel. Helstur áhættur í rekstri eru veikindi starfsfólks og húsnæðisvandi. Gætt er að jafnvægi í námsframboði og dregið hefur verið úr þjónustu t.d. á bókasafni. Aukið álag er á umsjónarmann fasteigna þar sem stöðugildum hefur verið fækkað.

Áfram er gætt að:

- Stærð námshópa
- Jafnvægi í nemendafjölda
- Fjölda kenndra námshópa



Vel er fylgst með útgjöldum og reynt að grípa inn í um leið og kostnaður fer fram úr áætlun. Gerður var samningur við nýtt ræstifyrirtæki og er gert ráð fyrir að kaupa róbót til þrifa á gólfum í íþróttahúsi. Það er lítið svigrúm í rekstri og lítið fé til kaupa á tækjum og búnaði. Kostnaðarpátttaka við Microsoft365, Orra og Innu hefur hækkað auk hækkunar á húsaleigu, rafmagni og ræstingu. Skapast hefur mikil þörf á að endurnýja húsgögn sem verður vonandi hægt að gera árið 2026.



Stjórnun



JAFNLAUNAVOTTUN
2022 - 2025

Jafnlaunavottun - Endurskoðun námsmats - Útskriftaráfangi - Gervigreind og heiðarleiki í námi

Jafnlaunavottun og innri úttektir á kerfinu

Jafnlaunakerfi í samræmi við Jafnlaunastaðalinn ÍST 85:2012 á að tryggja að ákvarðanir er varða laun og launakjör séu teknar á grundvelli jafnréttis. Kerfið fékk fyrstu vottun í júní 2022 og fékk skólinn endurvottun í ágúst 2025. Helstu verkefni í kjölfarið var að endurgera stofnanasamning við félaga í Sameyki og BHM auk þess að bæta einstaklingsbundnum þáttum inn í launagreininguna. Verður það gert á vormánuðum 2026. Almennt hefur gengið vel að vinna eftir ferlum og nýta kerfið.

Konrektor sinnir jafnhliða verkefni gæðastjóra. Þrír starfsmenn sinna innri úttektum: kennslustjóri, námsráðgjafi og kennari. Hlutar kerfisins eru teknir út þrisvar sinnum á ári og hafa úttektirnar sannað gildi sitt ekki síst þar sem kerfið er enn í uppbyggingu. Gæðaráð fundar vikulega.

Lykilmatsþáttur

Markmið lykilmatsþáttar er að tryggja að nemendur hafi öðlast lykilþekkingu, færni og hæfni í námsgrein og geti þar með haldið áfram í næsta áfanga. Í lykilmatsþætti er gerð krafa um lágmarkseinkunnina 5.00 í tilteknum matsþætti. Takist nemandi ekki að ná þeirri einkunn telst viðkomandi fallinn í áfanganum. Ákveði kennari að hafa lykilmatsþátt í námsmati áfanga ber viðkomandi að veita þeim nemendum sem ekki ná tilskyldri lágmarkseinkunn annað tækifæri til að ljúka lykilmatsþættinum fyrir annarlök. Lykilmatsþætti er ætlað að tryggja að nemendur klári námsefni áfanga og hætti ekki að læra um leið og einkunn er komin yfir 4,5 í símatsáföngum. Verkefnið hefur reynst vel og aukið metnað nemenda í námi.

Átak gegn truflun snjalltækja

Á vorönn 2025 hófst átak gegn símanotkun nemenda í kennslustundum. Átakið byggði á siðareglum skólans um notkun snjalltækja og markmið þess að bæta námsumhverfi nemenda, draga úr truflunum í kennslustundum og auka vellíðan og námsárangur. Nemendur mega hafa síma meðferðis í skólanum en tækin þurfa að vera ofan í vasa eða tösku í kennslustundum. Kennari er verkstjóri í kennslustundum og getur heimilað notkun síma ef svo ber undir. Ef nemendur taka upp símann án leyfis hafa kennarar fyrirmæli um láta nemendur setja símann í símabox, sem er að finna í hverri kennslustofu. Öll slík tilfelli eru skráð og send stjórnendum. Gerist það ítrekað að nemandi þurfi að setja símann í boxið er viðkomandi kallaður til stjórnenda ásamt forsjárfólki. Ef nemandi neitar að setja símann í boxið telst það agabrot og hafa kennarar fyrirmæli um að vísa viðkomandi til stjórnenda. Ítrekuð brot leiða til íþyngjandi aðgerða af hálfu skólans, sjá nánar í skólareglum.

Gervigreind í skólastarfi

Á vormánuðum fékk hópur nemenda tækifæri til þess að læra með skipulegum hætti að nýta sér gervigreind í skólastarfi. Verkefnið er hluti af Sprotasjóðsverkefni skólaárins. Geir Finnsson kennari í MH tók verkefnið að sér, bjó til áfangalýsingu og verkefni og ritaði um það grein bæði í Skólaþræði og á vísir.is. Markmiðið með verkefninu er að kenna nemendum að nýta gervigreind með skynsamlegum hætti og tryggja það að kennarar og annað starfsfólk öðlist færni í að nýta tæknina. Með tilkomu gervigreindar í skólastarfið hefur þurft að endurskoða verkefni nemenda til þess að tryggja að þau séu unnin í sjálfstæðri vinnu. [Reglur um heiðarleika í námi](#) voru uppfærðar í takt við það.



Fjör á starfsbraut

Skólaárið 2022 til 2023 tók til starfa starfsbraut í MS. Haustið 2025 voru 23 nemendur á starfsbraut.

Starfsbraut á ferð og flugi

Vorið 2025 yfirgáfu þrír nemendur starfsbraut og fóru á almennar brautir ýmist í MS eða í öðrum skólum. Markmið brautarinnar er að leggja áherslu á að aðstoða nemendur til sjálfstæðis svo þau geti í framtíðinni tekið virkan þátt í samfélaginu. Ásamt hefðbundnum greinum er lögð áhersla á að kenna samskipti, hreyfingu, heilbrigði, matreiðslu og að læra á almenningssamgöngur svo eitthvað sé nefnt. Skólinn hefur átt gott samstarf við Vogaskóla og fengið afnot af heimilisfræðistofu.

Mikill tími kennara á starfsbraut fer í að sinna almennri vellíðan nemenda, ráðgjöf til heimila og samskiptum við hinar ýmsu stofnanir. Þrátt fyrir farsældarlög og samvinnu stofnana hindra enn undirskriftir forráðafólks kennara og aðra í að beita þeim úrræðum sem eru til staðar.

Starfsbrautin fór í fræðslu- og menningarreisu á árshátíðardeginum sökum uppbrots í stundaskrá skólans. Farið var með nemendahópinn út á Reykjanes, keyrt á sjóðandi heitum vegi að og í gegnum Grindavík áður en ekið var að flekaskilunum þar sem brúin er á milli heimsálfa. Seinna um daginn skelltu átta nemendur af starfsbraut sér í matinn á árshátíðinni og tveir fóru einnig á ballið. Það er engin lognmolla á starfsbraut.

Um haustið fóru 10 nemendur ásamt þremur starfsmönnum í skólaheimsókn og menningarferð til Finnlands. Ferðin var styrkt af Erasmus+. Ferðin var ánægjuleg og gekk vel.



Útskrift og afmælisstúdentar

MS dagurinn 31. maí 2025

Stærsti hluti brautskráninga fer fram að vori. Í þetta sinn útskrifuðust 194 nemendur við hátíðlega athöfn í Háskólabíói. Í athöfninni söng Ketill Ágústsson nýstúdent og lék undir á gítar. Kór starfsfólks söng stúdentasöngva og Stefán Jón Hafstein hélt ræðu í tilefni af 50 ára júbíleum frá MT.

Laugardaginn 31. maí var opið hús í skólanum fyrir stórafmælisstúdentar síðustu 50 ára og kennara þeirra.



40 ára afmælisstúdentar



Umhverfismál í fyrirrúmi

Draumur um jökla - Ungir umhverfisfréttamenn

Draumur um jökla

Umhverfisnefnd MS, ásamt FÁ og félagi Sameinuðu þjóðanna hlutu styrk úr Loftslagssjóði Reykjavíkurborgar til að vinna að verkefninu Draumur um jökla í tilefni af alþjóða ári jökla hjá Sameinuðu þjóðunum. Verkefnið fjallar um það hvernig loftslagsbreytingar hafa áhrif á jökla og hluti af því var að fara í ferð á jökul og vinna að myndbandi um áhrif loftslagsbreytinga á jökla.



Ungir umhverfisfréttamenn

Í MS læra allir nemendur umhverfisfræði og liður í náminu er að taka þátt í samkeppni Landverndar um ungt umhverfisfréttafólk. Berglind, Brynja Karen og Úlfdrís unnu til verðlauna í flokki umhverfisblaðamennsku.



„Kíkt í kennslustund“

Í vikulegu fréttabréfi til starfsfólks er gjarnan sagt frá skemmtilegum verkefnum úr kennslustofum.

Félagsfræði - líffræði - markaðsfræði - leirmótun



STEM fyrir framtíðina

Síðastliðið sumar tóku nokkrir nemendur úr MS þátt í verkefninu STEM fyrir framtíðina. Anh Ngoc, nemandi úr Kvinnaskólanum í Reykjavík, stóð fyrir verkefninu auk þess að gera sjálf rannsókn. Markmið verkefnisins er að veita stelpum og stálpum í framhaldsskóla tækifæri til að stunda stafræna vísindarannsókn undir leiðsögn háskólakennara og framhaldsnema við ýmsa háskóla. Verkefnið stóð yfir í sex vikur í júlí og ágúst. Í verkefninu fengu nemendur að kynnst rannsóknaraðferðum og vinnubrögðum sem nýtast þeim í framhaldsnámi í tækni- og vísindagreinum. Leiðbeinendur í verkefninu eru meðal annars úr Stanford University, University of Southern California, University of British Columbia, Háskólanum í Reykjavík og Háskóla Íslands.

Nemendur MS sem tóku þátt unnu rannsóknarverkefni á ensku undir leiðsögn erlendra háskólakennara og skrifuðu vísindagrein í kjölfarið. Þrír nemendanna kynntu rannsóknir sínar á Menntabúðum kennara og starfsfólks í MS þann 3. desember síðastliðinn og Anh Ngoc sagði frá verkefninu.

Freyja Katrín Oddsteinsdóttir rannsakaði þróun vistvænna fjölliða og möguleika þeirra til að leysa hefðbundið plast af hólmi. Hún skoðaði efni eins og PHA, sellulósa-, prótein- og þörungaplast og hvernig þau geta minnkað umhverfisáhrif og stutt við hringrásarhagkerfi.

Bríet Pétursdóttir fjallaði um plastmengun og lausnir sem byggja á hringrásarhagkerfi. Hún skoðaði hvernig ný efni og efnafræðilegar endurvinnsluaðferðir geta breytt úrgangi í verðmætar byggingareiningar og hvernig lífbrjótanlegt plast og nýjar efnasamsetningar geta stuðlað að sjálfbærni.

Ingunn Anna Jónsdóttir beitti stærðfræðilegu SIR-líkani til að greina útbreiðslu svokallaðrar Akureyrarveiki sem herjaði á Norðurland á árunum 1948–1949. Í verkefninu er sýnt hvernig smit dreifðist í litlu samfélagi og hvernig breytur eins og smitstuðull og batahraði hafa áhrif á þróun faraldra.

Það er mikill fengur fyrir nemendur að fá tækifæri til að taka þátt í svona metnaðarfullum verkefnum og ljóst að þarna eru efnilegar ungar vísindakonur á ferð.



Anh Ngoc, Bríet, Freyja og Ingunn Anna

Samhljómur

Verkefni styrkt af Sprotasjóði. Markmið Samhljóms var að laða að nemendur sem ekki hafa valið raftónlist í MS til tónlistarsköpunar og rjúfa einangrun þeirra sem vilja taka þátt í skapandi stafi og tengjast öðrum nemendum. Hluti af verkefninu snýst um að skapa tónlist og taka upp í stúdíói Tónhýls í Árbæ. Verkefnið gekk vel og náðist einkum að virkja stúlkur í tónsköpun sem höfðu enga reynslu af því. Umsjónarmenn verkefnisins voru þeir Einar Indra og Andri Már Magnason. Einar kennir raftónlist við skólann og Andri er tónlistarmaður meðfram því að kenna félagsgreinar í MS.



Danskir nemendur í heimsókn

Nýnemar tóku stórkoslega vel á móti nemendum úr fínasta einkaskóla Danmerkur í dag, Herlufsholm Skole og Gods. Skólinn er einn elsti og virtasti heimavistarskóli Danmerkur, stofnaður 1565. Heimsóknin í MS var upphaf að vikudvöl nemenda styrkt af Erasmus+. Nemendur kynntu skólann sinn, daglegt líf á heimavistinni, tónlist og íþróttir í Danmörku og gáfu gestgjöfum að bragða á dönsku rúgbrauði með lúxuspaté og dönsku sælgæti og kartöfluflogum. Nemendur úr MS stóðu sig með þryði og fengu mikið hrós frá bæði kennurum og nemendum fyrir að vera bæði opin, forvitin, almennileg og skemmtileg. Þau héldu uppi samræðum á bæði dönsku og ensku.



Félagslíf

MS-ingar taka þátt í helstu viðburðum og keppnum á vegum og fyrir íslenska framhaldsskólanema: Gettu Betur, MORFÍS, FRÍS, söngvakeppni, íþróttakeppnum og Fyrirtækjasmíðu Ungra frumkvöðla.




Árshátíðardagur



Árshátíðarvika í MS



Allir í Zúmba



Söndu lag um hundaleikfang sem þau hönnuðu og fluttu á Bylgjunni





Nemendum boðið í dögurð á Dimmisjón

Dimmisjónndagur nemenda hófst í skólanum á kjarngóðum morgunverði áður en haldið var á vit ævintýrana.



Lið skólans í Gettu betur sigraði viðureignir sínar í útvarpi og vann sér inn sæti til þess að keppa í sjónvarpssal annað árið í röð. Liðið skipuðu þau Matthildur, Sigurjón Nói og Oliwia Eva.

Gott silfur gulli betra. MORFÍS lið skólans komst í úrslit að þessu sinni. Vigdís Elísabet úr ræðuliði MS fékk hvorki meira né minna en þrjá bikara fyrir að hafa verið ræðumaður kvöldsins í viðureignum vetrarins. Ræðufólk kvöldsins í liði MS voru Ásgeir Máni, María Sól og Vigdís Elísabet og liðsstjóri var Agla Rut.



Leikfélagið Thalía sýndi stórvirkið Aladdín



Vorið 2025 setti leikfélagið Thalía upp fjórða söngleikinn í röð. Æfingar fóru fram í Hinu húsinu og í MS og á vormánuðum voru sýndar sex leiksýningar á Aladdín fyrir fullu húsi í Gamla bíói. Nemendur sungu og dönsuðu, sáu um ljós og tónlist, búninga og kynningarmál og var leiksýningin hin glæsilegasta. Leikmynd og búningar voru sérstaklega tilkomumiklir. Útbúa þurfti hinar ýmsu furðuverur og töfra fram lampa Aladdíns með þrívíddarprentara. Við leikmynd og búninga fengu nemendur sérstaka aðstoð frá umsjónarmanni fasteigna og kennurum í fatahönnun. Leikstjóri var Ásgrímur Geir Logason og um tónlist og söngæfingar sá Andri Már Magnason kennari við MS.

Leikfélagið thalía kynnrir





Haldin eru fjögur böll á ári hvert með sínu þema. Allir nýnemar blása í áfengismæli áður en þeim er hleypt inn á ball.



Ritnefnd gefur úr þrjú blöð á ári



Aðstandendur nemenda standa vaktina fyrir utan böll. Það veitir nemendum öryggi að vita af þeim þar auk þess sem það hefur ákveðinn fælingarmátt á óviðkomandi.

Stjórnlagapöng nemenda fer fram í árs byrjun og kosningar til nemendafélags í mars.

Spennandi kosningavaka framundan





MS sigraði Fyrirtækjasmíðju Ungra frumkvöðla

Ár hvert taka nemendur á hagfræði- og stærðfræðilínu þátt í verkefninu Ungir frumkvöðlar í gegnum lokaáfangi í hagfræði: Fyrirtækjasmíðju. Að þessu sinni tóku 142 fyrirtæki þátt í verkefninu og fimm MS fyrirtæki komust í 30 liða úrslit. MS gekk út með fimm verðlaun eftir daginn, þar á meðal fyrir fyrirtæki ársins. Urri vann bæði fyrirtæki ársins og verðlaun fyrir bestu markaðssetninguna og keppti fyrir hönd íslenskra ungmenna í Aþenu í Evrópukeppni ungra frumkvöðla í júlí.

Berjabiti vann verðlaunin matvælafyrirtæki ársins, Marin vann til verðlauna fyrir frumlegasta sölubásinn á Vörumessunni í Smáralind og Turnip Up fékk verðlaun fyrir umhverfissvænustu lausnina. Kennarar í fyrirtækjasmíðju eru þær Dóra Kristín Sigurðardóttir og Ylfa Jóhannesdóttir.



NÝNEMAFERD Í VATNASKÓG

28-29. ÁGÚST 2025

- KL 14:00 Brottför úr MS
- KL 15-16 Kaffitími í Vatnaskógi
- KL 16-19 Útileikir
- KL 19-20 Kvöldmatur
- KL 20-21:30 Bátar, inni- og útivera, sjoppa
- KL 21:30-22 Kvöldhressing
- KL 22-01 Kvöldvaka
- KL 01-08:30 Sofa
- KL 09:00 Morgunmatur
- KL 10-11 Pakka saman og ganga frá
- KL 11:00 Brottför úr Vatnaskógi
- KL 12:00 Koma í MS og fara beint heim

Nýnemar hristir saman í Vatnaskógi

Í lok fyrstu kennsluviku héldu um 230 nýnemar í gistipartý í Vatnaskóg. Með í ferðina fóru nemendur úr nefndum og ráðum ásamt félagsmálastjóra, stuðningsfulltrúa, námsráðgjöfum og einum stjórnanda. Dagurinn var hinn mesti dýrðardagur þar sem nemendur léku sér á bátum, í íþróttum og ratleik langt fram eftir kvöldi. Að lokum var haldin kvöldvaka í íþróttahúsi staðarins og fjörinu haldið áfram langt fram á nótt. Lítið var um svefn í þessari ferð.

Starfspróun kennara

Leiðsagnarnám - Starfendarannsóknir - Menntabúðir - Erasmusnámskeið - Heimsókn frá MH



Menntaskólinn við Sund hefur sett sér markmið um að kennarar tileinki sér fjölbreyttar kennslu- og námsmatsaðferðir og að starfsfólk skólans leiti sífellt nýrra leiða til að þróa starf sitt. Til að ná markmiði sínu er áhersla lögð á gott framboð endurmenntunar og fjölbreytt starfspróunartækifæri fyrir starfsfólk skólans.


Á árinu var í fjórða sinn ráðinn verkefnastjóri um innleiðingu leiðsagnarnáms. Undir handleiðslu verkefnastjórans starfaði 10 manna hópur kennara. Markmiðið er að sífellt fleiri kennarar öðlist þekkingu á aðferðum leiðsagnarnáms og prófi í sinni kennslu. Þessir kennarar fengu greitt eitt launabrep til 12 mánaða í gegnum kjarasamningsbundinn þróunarsjóð í skólanum.

Starfendarannsóknir

Eitt af flaggskipum Menntaskólans við Sund hefur til fjölda ára verið virkni kennara í starfendarannsóknnum. Verkefnisstjóri frá MS leiðir hópinn ásamt ytri ráðgjafa sem hefur undanfarið verið dr. Guðrún Ragnarsdóttir en dr. emerita Hafdís Guðjónsdóttir leysti af á vormánuðum 2025. Í hópnum eru að jafnaði 12-15 þátttakendur og hittist hann a.m.k. tvisvar á önn auk þess að kynna afraksturinn á Menntabúðum. Lögð var áhersla á hinar ýmsu leiðir starfendarannsóknna.

Málefni hópsins í vetur voru m.a.:

- áhugaverðar leiðir í innleiðingu leiðsagnarnáms
- leiðir til bættrar námsmenningar
- tækifæri Teams
- efling námskrafts
- finna leiðir til þess að nálgast nemendur sem hafa litla trú á eigin getu í stærðfræði



MH boðið í heimsókn á föstudegi



MS bauð MH í heimsókn einn föstudag í mars. Kennarar og annað starfsfólk frá báðum skólum héldu stutt erindi um rannsóknir sínar og verkefni. Eftir kaffi var fólki skipt niður eftir fagdeildum þar sem umræður fóru fram um árangur og áskoranir hverrar greinar. Mikil ánægja var með þennan dagsbút. Afurð dagsins er að finna í útgöngumiða og þaðlet vegg sem hefur að geyma niðurstöður umræðna og þær hugmyndir sem urðu til í samtalinu.

Útgöngumiði

Hvað tekur þú með þér í dag? Langar þig að prófa eitthvað nýtt / breyta einhverju eftir daginn í dag?

- Ég lærði að jákvæðni er góð leið til að hvetja nemendur. Ég ætla að vera duglegri að fara í vettvangsferðir.
- Mjög gaman að skiptast á hugmyndum. Áhugavert hvað MH fer í margar vettvangsferðir, væri til í að gera meira af því.
- Lærði leiðir til að nýta gervigreind. Gaman að bera saman bækur og heyrja hvað þau eru að gera í MH.
- Ánægjuna af að ræða saman við kollega í faginu um allt og ýmislegt. Dásamlegt!
- Hafa strangari reglur um símanotkun. Nota gervigreind til að búa til verkefni.
- Alltaf gott að hitta kollega, upplýsandi umræða um gervigreind og notkun hennar, um vettvangsferðir og nám úti í náttúrunni. Sá ekki spurningarnar sem lagaðar voru fyrir í þessum útgöngu miða.
- Meiri áhersla á skapandi verkefni.
- Spennt fyrir heilsuefandi vinnustað og gaman að spegla sig í öðrum skóla og bera saman aðferðir. Mjög gaman!
- Góðar samræður þar sem við gátum borið saman bækur okkar. Mjög skemmtilegt :)
- Áhugavert að fá innsýn inn í annan heim / aðra kennslumeningu.
- Góðar umræður.
- Allt jafn gaman að upplifa hvað skólafolk hefur gaman og gott af því að hittast og vera saman bækur sínar. Meira svona!
- að samtali við aðra kennara er alltaf best!
- Frábært að læra um hugmyndaauðgina sem býr í kennurum ólíkra skóla.
- Gaman að sjá hvernig sömu vandamál eru tæklud fjölbreytt.



Starfsþróunardagur MS-MH

Samantekt af starfsþróunarfundi föstudaginn 28. mars 2025

Áskritir - MS + B + Yr

Dagskrá og glærur

Útgöngumiðar við lok dags

Umræðupunktur

Hér er útgöngumiði sem við biðjum öll að fylla út við lok fagfunda:

Þaðlet - hjórdish

Útgöngumiði

Hvað tekur þú með þér í dag? Langar þig að prófa eitthvað nýtt / breyta einhverju eftir daginn í dag?

Hvað tekur þú með þér í dag? Langar þig að prófa eitthvað nýtt / breyta einhverju eftir daginn í dag?

STARFSÞRÓUN MS-MH

MIÐNÁTTSKOFLANUM VIÐ SUNN FÖSTUDAGINN 28. MARS

Mæting í MS kl. 13:00
Dagskráin heft í matlali skólans
Holti

KL 13:00-14:00
KYNNING Á ÞROUNARSTAF!

- Starfsþróun og þróunarskýrsla (MS)
- Starfsþróunarkvæði: Leðsagnar-nám og starfendurannsóknir (MS)
- Heilsuefandi vinnustaður (MH)
- Deifningamat í sögu (MH)

KL 14:00-15:00
KOFFETIMI

Umræðupunktur fyrir fagfundi á starfsdegi MS-MH

Markmið Menntabúða er að skapa jafningjaumhverfi þar sem miðlun þekkingar og reynslu á sér stað og stuðla að tengslamyndun og samvinnu fólks sem er að þreifa sig áfram með nýjungar í skólastarfi. Meðal þess sem starfsfólk kynnir er afrakstur námsferða erlendis, niðurstöður starfendarannsókna eða tilrauna með nýjar kennsluáferðir. Í MS voru haldnar Menntabúðir bæði í nóvember og maí. Erindin eru fjölbreytt og úr ýmsum deildum skólans. Kynningarnar eru liður í því að gefa skýrslu, einkonar uppgjör á vinnunni sem hefur verið unnin og fengist launaþrep fyrir á skólaárinu. Meðal erinda voru þróun matskvarða í leiðsagnarnámi, kennsluhættir í stærðfræði, leiðsagnarnám á starfsbraut, leiðsagnarnám í hagfræði, leiðsagnarnám í listgreinakennslu, námsmat í eðlisfræði, stelpur í raftónlist og kvikmyndagerð, afreksíþróttir, stuðningur við eldri nemendur og hjálparmiðar í jarðfræði. Þróunarstarfið er blómlegt í skólanum, menntabúðirnar eru uppskeruhátíð og veisla, og hvatning fyrir okkur að halda áfram þessu frábæra starfi sem kennarar og annað starfsfólk er að sinna við skólann.





menntabúðir			
kl. 14.50 - 15.10	kl. 15.10 - 15.30	kl. 15.30 - 15.50	kl. 15.50 - 16.10
LEIÐSAGNARNÁM AÐA 1.1 Katrín Magnúsdóttir og Kristbjörg Agústsdóttir „Umbreyting á áfanga. Hvernig tókst út?“ Farið verður yfir hvernig hefur gengið í vettur að breyta kennsluáttum í umhverfisskóli.	Helga Björt Möller „Leiðsagnarnám - hvað hentar best á starfsbraut?“ Fjallað verður um þá þætti sem Helga telur að mytti best í kennslu á starfsbraut, áhersla er á einstaklingsmiðað nám hjá fjölbreytum nemendahópi.	Ylfa Björg Jóhannesdóttir „Leiðsagnarnám og endurgjöf í hagfræði“ Hvernig þetta aðferðir leiðsagnarnáms verð nýttar í kennslu í bókhaldi, rekstrargagnlegu og í fyrirkomandi.	Melkorka Mattíasdóttir „Er hjálparmiðinn sjálfsþekking? Skilningu hugtaka í jarðfræði“ Farið yfir nokkur aðrar vandfærni nemenda á hugtökum í jarðfræði og þau verkefni/leiðir sem hafa reynt vel.
LEIÐSAGNARNÁM AÐA 1.3 Þórunn Steindórsdóttir „Nokkun matskvarði í leiðsagnarnámi“ Notkun matskvarða í leiðsagnarnámi í hagfræði, markmiðla dröfn verkefni, munntega endurgjöf og fyrstu skil.	Einar Indra Kristbjargarson „Stelpur í raftónlist og kvikmyndagerð“ Leiddi sí valdsefni í gegnum leiðsagnarnám.	Unnur Sigmarsdóttir „Ég skil ekki lesin dæmi“ námsmat í eðlisfræði Dæmi í raungrunn þar sem blandað samantexti og tölur eru erfiðustu dæmin að mati margra nemenda. Hér verður kynnt leik hvernig leikur er á við slík dæmi í eðlisfræði.	Áslaug Leifsdóttir „Leiðsagnarnám í listgreinakennslu“ Áslaug eignar kennslustofuna og fallar um í máli og myndum hvað listgreinakennsla er þesslega mikil leiðsagnarnám frá A-O
STARFENDARANNSKURNIR/TEMAKUNNSLA/VANNAÐ AÐA 1.4 Aðalbjörg Kristjánsdóttir „Ég hef aldrei getað lært stærðfræði“ Ástáttuáttir nemendur er að þróa breytta kennsluáttir, starfsfræði (þótt), og greina áhrif breytingar námsaðferða á erfarirni nemenda.	Brynhildur Einarsdóttir og Lóa Kristjánsdóttir „Matskvarðar á fyrirlestrum/kynningum í sögu“ Virnin á matskvarðum í fyrirlestrum/kynningum í sögukenndu.	Linda Kristín Kristinsdóttir og Helena Ólafsdóttir „Afreksíþróttir“ Farið yfir smá þessa áfanga og gerð grein fyrir áhersluþáttum.	Fjólá Dögg Blomsterberg og Hildur Halla Gyfadóttir „Stuðningur við eldri nemendur“ Verkefnið lezur í sér að kortleggja nemendabúðir sem drögt annar up í námi, þjónustubúðir þeirra, hvernig hægt er að betur til þeirra og styðja þau í að ljúka námi.

MENNTABUÐIR

Kynntar verða starfendarannsóknir, leiðsagnarnám og annað áhugavert sem er í þróun hjá kennurum og starfsfólki skólans. Þær eru opnar öllu starfsfólki og fara fram í þremur málstofum, í fjórum hollum. Þátttakendur geta farið á milli stofa og valið sér kynningar eftir áhugasviði. Skylda fyrir félagsfólk í KI - og allt starfsfólk velkomið.

MÉÐAL ERINDR:
 KATRÍN OG KRISTBJÖRG
 UMBREYTING Á ÁFANGA, HVERNIG TÓKST TIL?
 AÐALBJÖRG
 ÉG HEF ALDREI GETAÐ LÆRT STÆRÐFRÆÐI
 BRYNHILDUR OG LÓA
 MATSKVARÐAR Á FYRIRLESTRUM/KYNNINGUM Í SÖGU
 LINDA OG HELENA
 AFREKSÍÞRÓTTIR
 EINAR INDRÁ
 STELPUR Í RAFTÓNLIST OG KVIKMYNDAGERÐ
 HELGA BJÖRT
 LEIÐSAGNARNÁM - HVAD HENTAR BEST Á STARFSBRAUT
 YLFA BJÖRG
 LEIÐSAGNARNÁM OG ENDURGJÖF Í HAGFRÆÐI
 MELKORKA
 ER HJÁLPARMIÐINN SJÁLFSÞEKKINGU

MÍÞVIKUDAG 14. MAÍ KL. 14.50 - 16.10
HVER MÁLSTOFA ER 20 MINÚTUR. ERINDI OG UMRÆÐUR



Sprotasjóður og SEF

Samhljómur (2024-2025) - Grípum tækifærið - Gervigreind í skólastarfi

Gervigreind í skólastarfi - SEF

Heilsdagsnámskeið fyrir kennara haustið 2025. Kennarar úr FB þeir Hjörvar Ingi Haraldsson og Sigurður Fjalar Jónsson sögðu og sýndu kennurum MS hvernig þeir nýta gervigreind í kennslu. Þeir félagar halda einnig úti vefritinu Skólastarf á hraða tækninnar sem er gagnlegt fyrir alla að kynna sér.

Kennarar fengu að spreyta sig í notkun gervigreindar auk þess að kynnast því að hún á það til að hliðra til sannleikanum til þess að þóknast manneskjunni.

Námskeiðið var styrkt af SEF og er liður í stærra verkefni um að auka hæfni kennara til að nýta gervigreindartækni til gagns í námi og kennslu og með því stuðla að færni nemenda í ábyrgri notkun gervigreindar.

Grípum tækifærið - Sprotasjóðsstyrkur 2025

Verkefnið hófst á vormánuðum 2025 með smíði áfanga í gervigreind. Samhliða var áfanginn kenndur. Geir Finnsson kennari í MH tók kennsluna að sér og birti í lokin grein um verkefnið í [Skólaláráðum](#). Ákveðið var í framhaldinu að fara í samstarf við tæknifyrirtækið APRO og sníða verkefnið bæði að nemendum, kennurum og starfsfólki á skrifstofu. Skólinn hefur nú aðgang að lokuðum gervigreindarbotta undir nafninu Viskusteinn sem er einnig nafn á upplýsinga- og tæknimiðstöð skólans. Þangað inn er hægt að hlaða gögnum án þess að þau rati út á veraldarvefinn og því örugg með öllu. Haldin hafa verið ólík námskeið um notkun gervigreindar í skólastarfi og hélt verkefnið áfram árið 2026. Kennarar fengu einnig tækifæri í samstarfsverkefni KÍ og MMS að kynnast gervigreindartólinu Claude.



Erlent samstarf

Erasmus+, Nordplus og gestir í MS

Erasmus+

MS er með tíu markmið í erlendu samstarfi sem snúa að því að bæta nám og kennslu í skólanum. Samtals tóku 16 starfsmenn og þrettán nemendur þátt í sex ferðum styrktum af Erasmus+. Þetta voru sex til sjö daga ferðir í starfsspeglun og námskeið í þremur löndum í Evrópu. Meðal námskeiða voru:

- Artificial Intelligence for Education: Exploring the frontiers of ICT í Berlin.
- Starfsspeglun, Kuusankoski Upper Secondary School, Kouvola í Finnland.
- 4C's in Education with AI tools and Storytelling Techniques í Berlín.
- Formative Assessment, Puerto de la Cruz á Tenerife.

Mikill áhugi var meðal erlendra skóla að koma í heimsókn í MS. Tveir tuttugu manna hópar kennara og stjórnenda frá ýmsum Evrópulöndum komu í mars og október á vegum Erasmus+. Í mars tók skólinn einnig á mótí skólustjórnanda frá Þýskalandi, og tveimur stórum hópum nemenda og kennara frá Frakklandi. Alls tók skólinn á mótí 57 kennurum og 23 nemendum á skólaárinu.


Nordplus

MS tók þátt í verkefninu Love for water is in the air sem hófst haustið 2023 og lauk með heimsókn til Finnlands vorið 2025. Verkefnið er unnið í samstarfi við skóla í Finnlandi, Lettlandi og Litháen. Fyrsti hópurinn fór til Lettlands haustið 2023. MS tók á mótí hópnum í maí 2024. Gestirnir gistu ýmist á heimilum nemenda eða starfsfólks, sóttu kennslustundir, unnu samvinnuverkefni um vatn og umhverfismál. Þar sem samstarfið hefur gengi vel hafa skólarnir sótt um annað sambærilegt verkefni yfir árið 2027.



Húsnæðismál

1000 fermetrar enn lokaðir - Hluti húsnæðis liggur undir skemmdum - Valkostagreiningu stungið undir teppi - Óskasteinn varð loks að veruleika



Húsnæðismálum skólans haldið í gíslingu

Haustið 2023 var ákveðið að fækka nýnemum að hausti um 58, vakta loftgæði vel yfir skólaárið með sýnatöku og þrifum ásamt því að hafa lofthreinsitæki í öllum rýmum og gefa þannig MRN og FSRE rými til skipulags og viðgerða vegna raka og myglu sem höfðu greinst í skólahúsnæðinu.

Eftir margar tilraunir til þess að koma húsnæðismálum skólans aftur á blað hjá MRN fengu stjórnendur MS örkyningu á svokallaðri valkostagreiningu um framtíð skólans. Gögnin voru vel unnin af verkfræðistofunni VSÓ en þó ekki til birtingar. Í upphafi árs vaknaði sú von að senn myndu birtast lausar kennslustofur sem þó urðu ekki að veruleika fyrr en í lok nóvember sama ár og hlutu nafnið Óskasteinn.

Settar voru raflokur á öll opnanleg fög sem hefur bætt loftgæði til muna bæði í skrifstofurými og kennslustofum. Það verður þó að segja að lítið annað hefur verið gert til þess að bæta húsakost Menntaskólans við Sund. Fjárveitingar til smáframkvæmda hafa ekki fengist, þrátt fyrir ítrekaða fundi bæði með MRN og FSRE. Er það mat stjórnenda að það sé hreinlega enginn áhugi fyrir því að skóla séu reknir í góðu og heilsusamlegu húsnæði. Ekki er hægt að segja annað en að gangur mála sé óásættanlegur og misbjóði bæði lífi og heilsu nemenda og starfsfólks.





MENNTASKÓLINN
VIÐ SUND